

Ísótóparannsókn af hjartavöðva

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um starfsemi hjartavöðvans. Rannsóknin er gerð í tvennu lagi þar sem bæði þarf að framkvæma hana eftir áreynslu og eftir hvíld. Gera þarf ráð fyrir að rannsóknin taki 2-4 klukkustundir í hvort sinn.

Undirbúningur

- Láta þarf vita ef tekin eru blóðþrýstingslyf. Stundum þarf að breyta lyfjum fyrir rannsókn.
- Fasta þarf á mat og drykk í fjórar klukkustundir fyrir rannsókn.
- Sólarhring fyrir rannsókn má ekki borða súkkulaði eða banana og ekki neyta drykkja sem innihalda koffein til dæmis kaffi, te, kóladrykki og kakó.
- Ef lyf eru tekin að staðaldri er æskilegt að taka þau eftir rannsókn, því er mikilvægt að hafa lyfin meðferðis. Þetta á sérstaklega við ef rannsókn er gerð að morgni vegna föstu.
- Ráðlagt er að skilja skartgripir eftir heima.



Best er að nota inngang Eiríksgrötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

Rannsóknardagur

Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann er gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni.

Liggja þarf kyrr á rannsóknarbeddi á meðan myndavélar skynja geislun frá líkamanum.

Gott getur verið að hafa með sér afþreyingarefni.

Dagur 1: Áreynslupróf og myndataka

- Koma í þægilegum fötum og skóm sem gott er að hreyfa sig í.
- Gert er áreynslupróf, hjólað og ísótópur gefinn í lok prófsins.
- Myndataka er gerð nokkru síðar
- Rannsóknin tekur alls um 2-3 klukkustundir

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsókna berast innan tveggja vikna til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni á að forðast mikla snertingu við aðra í 24 klukkustundir eftir inngjöf efnis. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda skömmu eftir rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvellinum. Starfsfólk deildar veitir nánari upplýsingar.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Ísótópastofa Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is